

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 845/2014, um innkaup stofnana á sviði varnar- og öryggismála.

1. gr.

10. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Viðmiðunarfjárhæðir vegna skyldu til útboðs, jafnt innanlands sem og á Evrópska efnahags-svæðinu, skulu vera sem hér segir:

57.634.300 kr. þegar um er að ræða vöru- og þjónustusamninga,

721.794.800 kr. þegar um er að ræða verksamninga.

Samkvæmt reglugerð þessari skal bjóða út öll innkaup sem eru yfir viðmiðunarfjárhæðum, samkvæmt 1. mgr., í samræmi við þau innkaupaferli sem nánar er kveðið á um í VI. kafla.

Við innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum skal kaupandi ávallt gæta hagkvæmni og gera samanburð meðal sem flestra fyrirtækja. Slíkur samanburður skal jafnan gerður bréflaga eða með rafrænni aðferð. Við þessi innkaup skal virða jafnræðisreglu 5. gr. svo og ákvæði 25. gr. um tækniforskriftir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2367 frá 18. desember 2017 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga.

Reglugerðin er sett með heimild í 3. mgr. 7. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 221/2016.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 15. febrúar 2018.

F. h. r.

Sigurður H. Helgason.

Hrafn Hlynsson.